



Rýmingaráætlun Belamerkurskóla

Skólinn er tengdur við stjórnstöð **Securitas** sem er í síma **461-1260**.

Brunakerfið er staðsett í anddyri í tengiálmu. (stofa 14)

Ef brunakerfið fer í gang hringja starfsmenn Securitas **strax** í skólann og athuga hvað sé að.

Síminn í skólanum er **460 1770**.

Ef ekki næst í neinn í síma skólans **460 1770** er hringt í Snorra Finnlaugsson sveitastjóra.

Snorri býr á skólasvæðinu og aðalsímanúmer hans er **825 0572**. Varanúmer hans er **898 9925**.

Ef ekki er svarað er hringt í síma **860 6846** (Jón Þór húsvörður).

Ef ekki næst í neinn í þessum númerum er hringt í síma **866 4085** (Ragnheiður Lilja skólastjóri) en ef það svarar ekki er hringt í **462 6224 / 862 3839** (Unnar aðstoðarskólastjóri).

Einnig býr einn starfsmaður skólans í skólabyggingunni. Hún heitir Gunnlaug Ósk Sigurðardóttir s- **466 3319 / 899 3238**

Ef ekki er svarað í neinu af þessum númerum er slökkviliðið sent af stað

Ef kerfið fer í gang **utan starfstíma skóla** sendir Securitas mann á staðinn. Starfsmaður Securitas hefur samband við húsvörð eða skólastjóra.

- **Ef kerfið fer í gang:** Skólastjórnandi eða húsvörður fer að stjórnstöð bruna-viðvörðunarkerfis við inngang í tengiálmu til að kanna samkvæmt teikningum (*sem eru á vegg við stjórnstöðina*) hvaðan boð um eld berast.
- Í stjórnstöðinni **sést hvar** brunaboðið er í húsinu. Um leið og kerfið fer í gang hringir eftirlitsmaður frá stjórnstöð Securitas í skólann. Tilkynnt skal að verið sé að leita skýringa á boðum frá aðvörðunarkerfinu.
- Halda skal símalínunni við Securitas opinni á meðan.

Sé hljóðgjafi (*bjöllur*) stöðvaðar skal láta alla í skólanum vita (*ef hægt er*) að verið sé að leita skýringa á boðum frá kerfinu.

ATH: Ef eldur er laus skal láta starfsmann Securitas vita og segja honum hvar eldur sé laus. Viðkomandi starfsmaður skal koma boðum til stjórnenda skólans og húsvörðar/skólaliða. Einnig að ýta á rofann alsherjarútkall.

- Nemendur skulu **ekki hlaupa** út úr sinni stofu þegar bjöllur fara í gang heldur bíða eftir frekari fyrirmælum. Kennari/leiðbeinandi/skólaliði stjórnar. Þeir krakkar sem eru í frítíma skulu fara að næstu útgönguleið.
- Þeir starfsmenn sem **ekki** eru í kennslustund með nemendum skulu kanna hvort einhverjir nemendur séu á göngum, bókasafni, salernum eða öðrum svæðum.

- Þegar skýring er fundinn skal tryggja að allir heyri niðurstöðuna.
- Ef eldur er laus í skólahúsnæðinu skulu stjórnendur og eða húsvörður/skólaliðar koma skilaboðum til kennara /starfsmanna og gera þeim grein fyrir hvar eldur er og gefa aðrar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig bregðast skuli við.

Starfsmaður með námshóp eða bekk framkvæmir eftirfarandi:

- tekur manntal samkvæmt bekkjarskrá og lætur nemendur fara í stafrófsröð (að því gefnu að það sé vel æft og sjálfvirk hjá þeim)
- skipar hópnum í röð og leggur af stað út úr skólanum með bekkjarskrána (bekkjarskráin er til staðar í stofunni á vísun stað). Aukabekkjarskrár, starfsmannalisti og litaspjöld eru í gámi í andyri skólans.
- kannar útgönguleið. Ef fyrsta útgönguleið er lokuð (sá inngangur sem börnin ganga venjulega um) ber að nota björgunarop.



Efri gangur í kennsluálm: Opnanleg fög í stofu 1, 2, 3, 4 og hurð út úr stofu 5.

Neyðarútgangur og neyðarstigir eru úr stofu 6 og stofu 7.

Neðri hæð í kennsluálm: Opnanleg fög í stofu 8, stofu 9 og stofu 10. (heimilisfræðistofa)

Stjórnunarálma:

Hurð út úr aðalinngangi skólans

Hurð út úr mötuneytinu,

Hurð út úr kennarastofu

Hurð út úr stofu 11,

Hurð út úr smíðastofunni og neyðarútgangur úr stofu 13 (vísindastofa).

Hurð út úr stofu 14 (hannyrða og myndmenntastofa).

- fer með börnin upp að girðingu fyrir ofan leikvöllinn. Þar raðar námshópurinn sér upp í starfrófsröð.
- þegar upp að girðingu fyrir ofan leikvöllinn er komið er tekið manntal samkvæmt bekkjarskrá og skólastjórnendur/húsvörður látnir vita ef einhverja vantar. Kennari stendur fremst og heldur á fering sem er rauður öðru megin og grænn hinumegin.

Grænn litur fram - allir mættir

Rauður litur fram- vantar nemandu /nemendur sem mættu í skólann um morguninn

Litaspjöldin eru í svörtum gámi við aðalútgang skólans.

ATH: Skrifstofur Hörgársveitar eru á neðstu hæð stjórnunarálmu skólans. Þeir starfsmenn sem þar vinna raða sér á **bláa** staðinn ásamt starfsfólki ÞMS.

- bíður eftir frekari fyrirmælum frá stjórnendum / húsverði um framhaldið.

1. – 4. bekkur fer á gula staðinn	(girðing fyrir ofan leikvöllinn)
5. – 7. bekkur fer á rauða staðinn	(girðing fyrir ofan leikvöllinn)
8. – 10. bekkur fer á græna staðinn	(girðing fyrir ofan leikvöllinn)
Starfsmenn fara á bláa staðinn	(girðing fyrir ofan leikvöllinn)

Verði elds vart í frímínútum ber kennari ábyrgð á þeim nemendahópi sem hann á að **kenna að frímínútum loknum**. Í þessu tilfelli tekur viðkomandi kennari manntal þar sem aðstæður leyfa.

Útgönguleiðir

Almennt gildir að farið sé út úr skólanum þar sem útiskór eru geymdir.

Handslökkvitæki og staðsetning þeirra í Þelamerkurskóla 2020

Kynna þarf staðsetningu slökkvitækja fyrir nýju fólki sem hefur störf í skólanum. Einnig þarf að kenna notkun handslökkvitæka og fólk þekkji mismunandi tegundir þeirra. Ef eldur kemur upp er nauðsynlegt að geta brugðist snögglega við og gripið til nærliggjandi slökkvitækis. Með því er hægt að koma í veg fyrir tjón. Munum að barátta við eldsvoða er kaplaup við tímann. Langflestir eldar eru slökktir með handslökkvitækjum.

Í leiðbeiningum frá slökkviliðinu segir að handslökkvitæki henti aðeins á **upphafseld**, geta þeirra leyfir ekki meira. Ef eldur uppgötvast í tæka tíð er oft hægt að ráða niðurlögum hans með handslökkvitæki eða eldvarnateppi, allt eftir því sem við á hverju sinni. Hver og einn verður að meta það hvort hann eigi að ráðast til atlögu við eld eða ekki en mikilvægt er að hafa ávallt í huga „mannslíf fyrst, eigur síðar“. Allan vafa túlkar maður sér í hag, yfirgefur rýmið og lokar því á eftir sér. Það dregur úr útbreiðslu elds og reyks og skemmdir verða þar af leiðandi minni en ella.

Duftslökkvitæki eru ætluð á alla elda. Oft getur þó þurft að nota vatn á eftir til að tryggja að búið sé að slökkva alla glóð.

Léttvatnstæki eru með froðublöndu. Þau er hægt að nota á eld í föstum efnum og auk þess á eld í olíu og feiti. Varast skal að nota léttvatnstæki á rafmagnstæki sem eru í sambandi.



- Slökkvitæki í stofu 10. (heimilisfræðistofa)
- Slökkvitæki í stofu 11.
- Brunaslanga í holi fyrir framan stofu 2.
- Slökkvitæki fyrir framan stofur 1,2 og 5.
- Slökkvitæki og brunaslanga í fatahengi.
- Slökkvitæki fyrir framan skrifstofu skólastjóra.
- Slökkvitæki, brunaslanga og eldvarnateppi í eldhúsi.
- Slökkvitæki í stofu 11 (Líffræðistofa í stigagangi).
- Slökkvitæki fyrir framan hönnunar- og smíðastofu.
- Tvö slökkvitæki í hönnunar og smíðastofu. (vatns- og dufttæki)